



Lokaskýrsla NordPlus-verkefnis í Menntaskólanum á Tröllaskaga

**Félagsleg sjálfbærni og kennslufræði út frá
kynjasjónarmiði**

Verkefnisnúmer: NPJR-2024/10071

Verkefnisheiti (danska): Social bæredygtighed og didaktik i et kønsperspektiv

Skólaár: 2024/2025

Menntaskólinn á Tröllaskaga

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.1 Bakgrunnur verkefnisins	4
1.2 Fræðilegur grunnur	4
2. Markmið verkefnisins	4
2.1 Aðalmarkmið	4
2.2 Undirmarkmið	5
3. Þátttakendur og skipulag	5
3.1 Þátttökuskólar	5
3.3 Tímaáætlun	5
3.4 Vefsíða verkefnisins	5
4. Aðferðafræði	5
4.1 Þróunarverkefni og rannsóknir	5
4.2 Gagnasöfnun	6
4.2.1 Eigindleg viðtöl	6
4.2.2 Megindleg könnun	6
4.3 Skólaheimsóknir og vettvangsathugun (fylgst með kennslu)	6
5. Starfsemi verkefnisins	7
5.1 Fyrsti fundur - Nuuk, Grænland	7
5.1.1 Aðdragandi og menningarleg kynning	7
5.1.2 Samband Grænlands og Danmerkur	7
5.1.3 GUX Nuuk - Skólaheimsóknin	7
5.1.4 Lífshættir og menning í námi	7
5.1.5 Tungumálamenning (translanguaging)	8
5.1.6 Hreyfing í kennslu	8
5.1.7 Fylgst með í kennslustund	8
5.1.8 Kveikja verkefnisins - Kynning Stine Ballisager	9
5.1.9 Lokasamtal og vinnustofa (workshop)	9
5.2 Annar fundur - Kaupmannahöfn, Danmörku	10
5.2.1 Christianshavn Gymnasium (CG)	10
5.2.2 Fylgst með kennslustund - Enskutími	10
5.2.3 The boys at Christianshavn Gymnasium	10
5.2.4 Café Boyz - Vinnustofa	11
5.2.5 Mat á verkefninu	11
5.3 Ørestad Gymnasium	11
5.3.1 Kynning á skólanum	11
5.3.2 Kennsluaðferðir	12
5.3.3 Húsnæði skólans	12
5.3.4 Fylgst með kennslustund - Enskutími	12
5.3.5 Viðhorf nemenda	12
5.3.6 Fyrirlestur - Gribskov gymnasium verkefni	13
5.3.7 Áætlanir fyrir næstu heimsókn til Íslands	13
6. Rannsóknarniðurstöður	13
6.1 Greining viðtala	13

6.1.1 Inngangur að viðtalsrannsókninni	13
6.1.2 Fastmótað hugarfar samanborið við vaxtarhugarfar - Er greind meðfædd eða áunnin?	14
6.1.3 Að taka niður glósur og gildi endurgjafar	14
6.1.4 Notkun upplýsingatækni í skóla og félagsleg áhrif	15
6.1.5 Ytri hvati samanborinn við innri hvata	15
6.1.6 Forgangsröðun verkefna og óljós tilgangur	16
6.1.7 Munur á styrkleikum kynja	16
6.1.8 Ofmat á eigin getu	16
6.1.9 Dulin kynjaskekkja í kennslu?	17
6.1.10 „No effort-culture“	17
6.1.11 Karlmennska og að biðja um hjálp	18
6.1.12 Samantekt á niðurstöðum viðtala	19
6.2 Niðurstöður könnunar	19
6.2.1 Samantekt á helstu niðurstöðum könnunar:	24
7. Umræða og lærdómur	25
7.1 Helstu niðurstöður verkefnisins	25
7.1.1 Menning skiptir máli	25
7.1.2 Tungumál og námsgengi	25
7.1.3 Mismunur á kennsluháttum	26
7.1.4 Fastmótað hugarfar og vaxtarhugarfar	26
7.1.5 Námsvenjur og endurgjöf	26
7.1.6 Ytri hvati og innri hvati	27
7.1.7 Upplýsingatækni - Rétt notkun skiptir máli	27
7.1.8 „No effort-culture“	27
7.1.9 Erfiðleikar við að biðja um hjálp	27
7.1.10 Möguleg kynjaskekkja	28
7.1.11 Ofmat á eigin getu	28
7.2 Lærdómur fyrir Menntaskólann á Tröllaskaga	29
7.2.1 Hvað erum við að gera rétt?	29
7.2.2 Hvað getum við gert betur?	29
7.3 Lærdómur fyrir norræna skólakerfið	30
7.3.1 Nauðsyn menningarskilnings	30
7.3.2 Tungumál og jafnræði í menntun	30
7.3.3 Mikilvægi kennara og kennsluhátta	30
7.3.4 Jákvæð karlmennska sem lausn	31
7.3.5 Samfélagsmiðlar og eitruð karlmennska	31
7.3.6 Fastmótað hugarfar og vaxtarhugarfar	31
7.4 Mikilvægi þess að hlusta á drengina sjálfa	32
7.5 Mikilvægi trausts og tengsla	32
7.6 Sveigjanleiki og sjálfsábyrgð	32
8. Lokaorð og tillögur	32
8.1 Helstu niðurstöður	32
8.2 Tillögur fyrir Menntaskólann á Tröllaskaga	33

8.2.1 Þróa notkun vaxtarhugarfars	33
8.2.2 Kenna námsvenjur markvisst	33
8.2.3 Vinna með jákvæða karlmennsku	33
8.2.4 Sjálfskoðun kennara	34
8.2.5 Merkingarbært nám	34
8.2.6 Halda áfram með það sem virkar	34
8.3 Tillögur fyrir norræna skólakerfið	34
8.3.1 Þjálfun kennara	34
8.3.2 Menningarskilningur	34
8.3.3 Rannsóknir og þróun	35
8.3.4 Samtal um karlmennsku	35
8.4 Framhald verkefnisins	35
8.5 Lokaorð	35
Þakkarorð	37
Heimildaskrá	38
Viðaukar	39
Viðauki A: Viðtalsrammi	39
Viðauki B: Könnun	41
Viðauki C: Vefsíða verkefnisins	46

1. Inngangur

1.1 Bakgrunnur verkefnisins

Þetta þróunarverkefni var unnið á vegum NordPlus með það að markmiði að efla félagslega sjálfbærni í framhaldsskólum Norðurlanda og bregðast við þeim vanda sem drengir standa frammi fyrir í námi. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt að drengir í framhaldsskólum ná almennt lakari árangri en stúlkur og er brottfall þeirra úr skóla hærra. Meðal ástæðna sem nefndar hafa verið eru skortur á hvatningu og þroska, þörf fyrir aukinn stuðning í námi og tilhneigingu til að ofmeta eigin getu.

Verkefnið leitast við að skilja og taka á þessum kynjamun með áþreifanlegum kennslufræðilegum aðgerðum sem geta ýtt undir bæði hvatningu, viðleitni og viðhald drengja í framhaldsskóla. Undirliggjandi tilgáta verkefnisins er sú að kennslufræðilegar aðgerðir sem gagnast tilteknum markhópi, til dæmis drengjum, muni að lokum gagnast öllu námssamfélagi.

1.2 Fræðilegur grunnur

Verkefnið byggir á vísindalegum rannsóknum um kynjamun í námi þar sem meðal annars er fjallað um:

- **Fastmótað hugarfar samanborið við vaxtarhugarfar** (Dweck, Zimmerman, Qvortrup) - Rannsóknir benda til þess að drengir tengi gáfur frekar við meðfædda hæfni á meðan stúlkur tengi þær frekar við ástundun og dugnað.
- **Námsvenjur** - Drengir glósa almennt síður og nýta sér endurgjöf í minni mæli en stúlkur.
- **Ytri hvati samanborinn við innri hvata** - Drengir virðast frekar drifnir áfram af ytri kröfum, hvatningu og einkunnum heldur en innri löngun til að öðlast færni.
- **Karlmennskuhugmyndir** - Hefðbundnar hugmyndir um karlmennsku geta hindrað drengi í að biðja um hjálp eða sýna viðleitni í námi.

2. Markmið verkefnisins

2.1 Aðalmarkmið

Aðalmarkmið verkefnisins var að:

1. Efla félagslega sjálfbærni meðal drengja í framhaldsskólum
2. Auka viðhald drengja í framhaldsskólanámi og draga úr brottfalli
3. Þróa og prófa áþreifanlegar kennslufræðilegar aðferðir sem gagnast drengjum
4. Skilja betur þann kynjamun sem birtist í námsárangri
5. Breyta neikvæðum hugmyndum um drengi sem lakari nemendur

2.2 Undirmarkmið

- Rannsaka viðhorf og reynslu drengja af skólagöngu
- Greina hvort kynjaskekkja sé til staðar í kennsluháttum
- Þróa leiðbeiningar og verkfæri fyrir kennara
- Miðla niðurstöðum til víðari menntageirans

3. Þátttakendur og skipulag

3.1 Þátttökuskólar

Fjórir framhaldsskólar tóku þátt í verkefninu og tilnefndi hver skóli verkefnastjóra og teymi til að vinna að verkefninu yfir skólaárið 2024/2025. Skólar og verkefnastjórar eru sem hér segir:

- Ørestad Gymnasium í Kaupmannahöfn, Danmörku - Stine Ballisager
- Christianshavns Gymnasium í Kaupmannahöfn, Danmörku - Ann-Louise Ljungcrantz
- Nuuk GUX í Nuuk, Grænlandi - Joakim Kirketerp-Møller
- Menntaskólinn á Tröllaskaga, Ólafsfirði, Íslandi - Guðbjörn Hólm Veigarsson

Teymi Menntaskólans á Tröllaskaga voru ásamt Guðbirni Hólmi, Ida Semey, kennari og Hólmar Hákon Óðinsson, námsráðgjafi og kennari.

Dönsku verkefnastjórnir, Stine og Ann-Louise, sem höfðu sömuleiðis yfirumsjón með verkefninu, skuldbundu sig líka sérstaka til að dreifa niðurstöðum verkefnisins á hina ýmsu vettvanga menntageirans í Danmörku, svo sem á EMU, Gymnasieskole.dk og fleiri stöðum. Þátttaka Menntaskólans á Tröllaskaga í verkefninu vakti svo athygli Spegilsins, útvarpsáttar hjá Ríkisútvarpi Íslands og var viðtal við Guðbjörn birt í þættinum.

3.3 Tímaáætlun

Verkefnið spannaði allt skólaárið 2024/2025 með þremur fjölþjóðlegum fundum. **Fyrsti fundur var haldinn** í Nuuk á Grænlandi frá 29. september til 2. október 2024, **annar fundur var svo** í Kaupmannahöfn í Danmörku frá 11. til 12. nóvember sama ár og var svo lokafundurinn haldinn á Ólafsfirði á Íslandi dagana 9. og 10. apríl, 2025. Fyrir og á milli funda héldu þátttakendur fjarfundi til að meta framvindu og deila reynslu.

3.4 Vefsíða verkefnisins

Öll gögn og niðurstöður verkefnisins eru aðgengilegar á vefsíðu þess:
<https://sites.google.com/view/nordplusprojekt-2023-social-br/start>

4. Aðferðafræði

4.1 Þróunarverkefni og rannsóknir

Verkefnið var hannað sem þróunarverkefni þar sem kennslufræðilegar aðferðir voru skoðaðar í samvinnu á fjölþjóðlegum fundum í þeim tilgangi að nýta þær í raunverulegum aðstæðum í kennslu.

4.2 Gagnasöfnun

Til að öðlast dýpri skilning á upplifun og viðhorfum drengja í Menntaskólanum á Tröllaskaga voru tvær meginaðferðir notaðar til að safna gögnum:

4.2.1 Eigindleg viðtöl

Þrjú hópviðtöl voru framkvæmd við nemendur Menntaskólans á Tröllaskaga. Í hverju viðtali voru þrír drengir á aldrinum 16-20 ára. Viðtölin voru hálfstöðluð (semi-structured) og byggð á vísindalegum rannsóknum um kynjamun í námi.

Viðtalsramminn fjallaði um:

- Fastmótað vs. vaxtarhugarfar
- Námsvenjur (glósur og endurgjöf)
- Notkun upplýsingatækni
- Ytri vs. innri hvatningu
- Tilgang verkefna
- Ofmat á eigin getu
- Kynjaskekkju í kennslu
- "No effort-culture"
- Karlmennsku og beiðni um aðstoð

Viðtölin voru tekin upp, umrituð og greind markvisst með tilliti til þemagreiningar.

4.2.2 Megindleg könnun

Rafræn könnun var send öllum karlkyns nemendum skólans í gegnum Google Forms. Þrátt fyrir að heildarnemendafjöldi skólans væri nokkur hundruð bárust aðeins 46 svör. Það gefur gefur um 10% svarhlutfall af öllum nemendafjölda en það er í raun stærra hlutfall því karlkyns nemendur eru færri en það. Könnunin innihélt spurningar um:

- Þrýsting frá samfélaginu vegna kyns
- Reynslu af skólakerfinu
- Mismunun og fordóma
- Viðhorf til náms
- Námsvenjur
- Upplýsingatækni í námi
- Jákvæða karlmennsku
- Hugmyndir um úrbætur

4.3 Skólaheimsóknir og vettvangsathugun (fylgst með kennslu)

Á hverjum fundi heimsóttu þátttakendur skólana og fylgdust með kennslustundum til að sjá mismunandi kennsluaðferðir í framkvæmd og læra af reynslu hvers annars.

5. Starfsemi verkefnisins

5.1 Fyrsti fundur - Nuuk, Grænland

5.1.1 Aðdragandi og menningarleg kynning

Hópurinn frá Íslandi kom til Nuuk 27. september 2024. Mikilfengleg náttúra Grænlands tók á móti þeim ásamt indælu fólki. Þar sem þátttakendur mættu snemma höfðu þeir helgina til að kynna sér menningu og samfélag Grænlands. Meðal þess sem skoðað var gamli bærinn í Nuuk með sitt einstaka umhverfi, þjóðminjasafnið þar sem hægt var að læra um þá harðgerðu þjóð sem lifað hefur við erfið skilyrði í Grænlandi og listasafnið þar sem mörg listaverk endurspegluðu flókið samband Grænlands og Danmerkur. Einnig tók hópurinn kaffibolla með ræðismanni Íslands í Nuuk sem fræddi þá um stöðu menntamála, atvinnuvega, auðlindamál og samband Grænlands við Ísland og Danaveldið.

5.1.2 Samband Grænlands og Danmerkur

Eitt af því sem þátttakendur urðu varir við var hve flókið samband Grænlands og Danmerkur er. Sögulega hefur sambandið ekki alltaf verið sanngjarnt gagnvart Grænlandingum. Þetta kom skýrt fram í listaverkum á listasafninu þar sem mörg nýrri verk endurspegluðu sterkar tilfinningar og jafnvel ákveðna biturð eða gremju gagnvart yfirvaldinu. Þrátt fyrir gott samband Íslands og Grænlands er samband Grænlands og Danmerkur flókið og heyra má raddir í grænlensku samfélagi sem vilja algjört sjálfstæði frá Dönum.

5.1.3 GUX Nuuk - Skólaheimsóknin

Hópurinn heimsótti framhaldsskólann GUX Nuuk og kynntist starfsfólki hans. Skólinn telur 450 nemendur frá öllu Grænlandi og þar af eru 100 nemendur á heimavistinni. 56 kennarar starfa við skólann, þar af 80% danskir. Nemendur frá Austur-Grænlandi tala annað mál en nemendur frá Vestur-Grænlandi sem gerir starfið aðeins flóknara. Það vakti mikla athygli þátttakenda frá Íslandi að 80% kennara eru danskir og allt nám fer fram á dönsku þrátt fyrir að grænlenska sé móðurmál flestra nemenda. Þetta skapar töluverðar áskoranir, t.d. að nemendur þurfa að fara í gegnum allt sitt nám á dönsku, yfirleitt eru notaðar danskir kennslubækur því ekki eru til margar grænlenskar bækur, grænlenskir kennarar kenna stundum á grænlensku en prófdómarar koma frá Danmörku og próf fara fram á dönsku. Nemendur kunna líka oft ekki dönsku fagorðin jafnvel þó þeir skilji efnið. Þetta vekur spurningar um hvort þetta geti haft áhrif á gengi ungra drengja í grænlenskum framhaldsskólum. Þótt sama vanda sé að finna á Íslandi, í Danmörku og fleiri stöðum um brottfall og lakari árangur drengja í skóla, þá kom hér fram annarskonar flækja sem eflaust ýtir undir þennan vanda.

5.1.4 Lífshættir og menning í námi

Í Grænlandi ríkir mun frekar félagshyggja en einstaklingshyggja. Fólk fæðist inn í stórar fjölskyldur eða stærri hópa sem verja hvert annað og eru trú hópnum. Sjálfsmynd fólks einkennist af tengslanetinu sem það tilheyrir. Í kennslu kemur þetta fram því nemendur

hugsa alla jafna „við“ frekar en „ég“. Áhugasvið hópsins ræður frekar för en eigið og nemendur vinna mjög mikið í hópum. Til þess að nemendur opni sig verður að vinna með þá eftir menningunni.

Aðlögun kennara: Danskir kennarar þurfa að aðlagast sig að menningu Grænlandinga. Margt sem hentar Dönum vel hentar alls ekki í Grænlandi og fara nýir kennarar í gegnum námskeið þegar þeir koma til Grænlands þar sem þeim er m.a. kennt:

- Aldrei byrja kennslu á textanum heldur einhverju sjónrænu eða hópavinnu
- Aldrei spyrja nemendur einn og einn heldur í þörum eða hópum
- Alltaf að leyfa þeim að ræða aðeins fyrst áður en þau eru spurð
- Einblína á menninguna til að nemendur finni tilganginn

5.1.5 Tungumálamenning (translanguaging)

Í GUX Nuuk er nú sveigjanlegri notkun á tungumálinu. Í stað þess að meðhöndla tungumál nemenda sem aðskilin kerfi eru þessi mismunandi tungumál sett saman. Nemendur geta til dæmis lesið á einu tungumáli, talað saman á öðru og skrifað á því þriðja, allt eftir því hvað hentar best. Áhugavert er að sum dönsk orð eru ekki til í grænlensku, til dæmis orðið „ekki“, og því verður oft misskilningur. Þess vegna þarf meiri tíma í verkefni og fleiri útskýringar á mismunandi formi.

5.1.6 Hreyfing í kennslu

Skólinn reynir að innleiða hreyfingu í alla kennslu með leikæfingum, uppsetningu og hreyfingu sem tengist námsefninu, t.d. vettvangsferðum. Þetta hjálpar til við einbeitingu, minnkar streitu, gerir nemendur andlega tilbúnari, eflir hvatningu og þátttöku nemenda, styrkir líkamlegt heilbrigði, eflir bæði samvinnu og félagslega getu og er því góð leið til að virkja nemendur, sérstaklega drengi sem hafa oft ríkari þörf fyrir hreyfingu.

5.1.7 Fylgst með í kennslustund

Líffræði hjá ungum, dönskum kvenkyns kennara: Hópurinn fylgdist með ungum kennara sem fór mjög vel eftir því sem nýir kennarar læra. Allir nemendur skildu síma eftir í símahótel í án mótmæla, hún byrjaði strax á paravinnu sem setti tóninn í kennslunni, notaði síðan smá texta en fór svo fljótlega aftur í hópavinnu. Hún lokaði tímanum svo með keppni þar sem nemendur hlupu á milli félaga sinna með spurningar og svör. Hún talaði augljóslega hæga og einfalda dönsku svo allir nemendur skildu hana. Hún gekk líka á milli og settist hjá nemendum auk þess að hún lét alltaf hópana segja frá niðurstöðum sínum, aldrei einn nemanda.

Félagsfræði hjá eldri dönskum karlkyns kennara: Hér sáu þátttakendur hinn pólinn, eldri kennara sem ekki hafði farið í gegnum námskeiðið fyrir nýja kennara. Mikil óeirð var í bekknum. Strákarnir sátu aftast að spila tölvuleiki og spjalla saman á meðan kennarinn sat í sínum stól með glærur á töflu og talaði allan tímann. Oft í tímanum sussaði hann á strákana sem gerði bara meiri hávaða. Engin hópavinnu eða virkjun nemenda kom fram. Einnig greindu þátttakendur greinilega fordóma gagnvart strákunum því kennarinn hlustaði lítið á þá en hrósaði stelpunum mikið. Einnig gerði ákveðin orðræða kennarans vart við sig þar sem hann talaði niður til Grænlandinga.

Þegar einn þátttakenda frá Íslandi kom á tali við drengina aftast komst hann að því hvað þeir voru stoltir af menningunni sinni, sérstaklega af því að hafa veitt hreindýr ungir að aldri. Greinilegt var hvað menningin skiptir miklu máli og hvað nemendur eru tengdir náttúrunni eins og þjóðin öll. Það væri því mjög gagnlegt að nýta það í kennslunni í stað þess að reyna að draga þau í aðra átt.

Íþróttir hjá ungum, dönskum karlkyns kennara: Þriðji tíminn var svo hjá ungum kennara sem var mjög hress og með gríðarlega jákvætt viðmót. Margir nemendur komu seint en hann skammaði engan heldur sagði við þau að hann væri glaður að sjá þau. Hann var líka mjög duglegur að spyrja hvað þau gerðu um helgina, hvernig þeim liði og fleira í þeim dúr. Sýndi þeim einlægan persónulegan áhuga. Hann sagði frá því að ekki væru nein próf í íþróttum á fyrsta ári heldur snerist það um að hafa gaman. Einnig sagði hann frá því að nemendur fá jafngildi um 100 þúsund íslenskra króna á mánuði fyrir að vera í framhaldsskóla. Hann talaði þó um algengi lélegrar mætingar og mikils brottfalls. Það þótti þó áhugavert að hann sagði frá því að öllum nemendum skólans er skylt að hitta ráðgjafa tvisvar til þrisvar sinnum á önn og oftast ef kennarar vísa nemendum til ráðgjafa ef þeir sjá vanlíðan hjá þeim.

5.1.8 Kveikja verkefnisins - Kynning Stine Ballisager

Stine Ballisager, verkefnisstjóri frá Danmörku og forsprakki verkefnisins hélt kynningu fyrir hópinn þar sem hún sagði frá niðurstöðum sem þær höfðu komist að með því að skoða gögn og taka viðtöl við drengi.

Helstu niðurstöður voru:

- Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að drengir ná lakari akademískum árangri en stúlkur
- Þetta skerðir möguleika þeirra á tækifærum til náms og starfa
- Drengir virðast frekar nálgast nám af kæruleysi
- Bilið milli einkunna drengja og stúlkna er að breikka
- Stelpur eru að ná drengjum í STEM greinum (sem er samt góð þróun)

Áhersla á kennaraþróun: Lögð er áhersla á að kennarar læri að beita sér fyrir kynjajafnrétti og minnka óviðeigandi kynjahlutverk. Þetta getur verið viðkvæmt mál því kennarar geta haft mikil áhrif en samt þarf að eiga þetta samtal.

Breitt litróf karlmennskunnar: Þörf er á að breikka litróf karlmennskunnar svo drengir upplifi að það sé pláss til að geta tjáð sig og að það sé pláss fyrir mismunandi karlmennsku.

Samfélagsmiðlar: Líta þarf til samfélagsmiðla og skoða fyrirmyndir sem þar eru að finna. Auðvelt er fyrir persónur sem predika eittraða karlmennsku að ná ungum drengjum sem eru óvissir með stöðu sína sem karlar í breyttum heimi.

Tungumál tilfinninga: Karlmenn skortir oft getu eða þor til að tjá sig um aðstæður sínar í lífinu. Ef þig skortir tungumálið til að tjá þig um vandamálin er erfitt að finna lausnir.

5.1.9 Lokasamtal og vinnustofa (workshop)

Að lokum tók hópurinn umræðu um það sem þeir höfðu séð og komist að. Þátttakendur héldu líka vinnustofu til að finna hugmyndir að verkefnum og aðferðum sem frekar gætu virkjað drengi til náms. Margar góðar hugmyndir komu fram en þó ber að nefna að skólarnir

frá Danmörku og Grænlandi eru í mjög ólíkum aðstæðum við MTR, með bekkjarkennslu, minni kennslu á netinu og fleira.

5.2 Annar fundur - Kaupmannahöfn, Danmörku

5.2.1 Christianshavn Gymnasium (CG)

Nemendur koma frá góðum félagshagfræðilegum bakgrunni og margir koma til að vera á heimavist. Ekki mikil vandamál í skólanum og nemendur vilja að það heyrist í þeim og þau sjáist, vilja hafa rödd. Tveir þriðju hlutar skólans eru kvenkyns og í skólanum ríkir svokölluð „Big city youth“ sem þýðir að þau mæta seint, drekka, reykja og vinna utan skóla sem hefur allt áhrif á námið. 20% nemenda velja tónlistarnám og mikið er um listhneigða nemendur. Þau eru mjög góð í að tala en ekki eins góð í að skrifa en lítið er um brottfall í skólanum. Áherslur skólans eru 1) akademísk fagmennska og þátttaka í námi og 2) lýðræði og samfélag. Matskerfi er á þann veg að skólinn notar mismunandi leiðir til að vita hvað eigi að leggja áherslu á. Það gera kennarar með dageglum samtölum og matsviðtölum, svokölluðu ungeprofilen (youth profile (sjá <https://ungeprofilen.dk>)), grundforløb (inngangsáfangamat) og skólápúls.

Sameiginleg stjórn: Hópurinn ræddi um sameiginlega stjórn, sérstaklega í ljósi mögulegra skekkja sem kennarar eru ómeðvitaðir um. Í næstu viku eftir fundinn átti að vera kennslufræðilegur dagur fyrir alla kennara í CG sem snéri að því hvers vegna drengjum gengur verr. Svend Age Madsen átti að vera með.

Gagnasöfnun: Einn kennaranna í danska teyminu, Søren Engberg Jensen, hafði gert könnun til að safna gögnum um viðfangsefnið og allir kennarar höfðu lagt könnunina fyrir nemendur.

Reynsla frá Grænlandi: Joakim í Grænlandi hafði prófað að vinna með nemendur þannig að drengir yrðu eftir í skólastofunni og fengu nánara samtál á meðan stelpurnar fóru út úr stofunni að vinna. Hann fann mun og stelpurnar voru mjög sáttar því minni læti urðu.

5.2.2 Fylgst með kennslustund - Enskutími

Enskutími hjá kvenkyns kennara: Hópurinn fylgdist með enskutíma í CG til að sjá kennsluaðferðir í framkvæmd. Þar sátu nemendur í kynjablönduðum hópum við samsett borð. Kennari hafði stuttar innlagnir og spjallaði svo við nemendur inn á milli. Spjallið sýndi fram á að kennarinn þekkti nemendur vel, hún spurði þau úr efninu en líka virtist hafa áhuga á þeim sem einstaklingum, hrósaði jafnt fyrir góð svör og góðar tilraunir.

5.2.3 The boys at Christianshavn Gymnasium

Eitt verkefni við skólann var að útbúa hlaðvarpspátt þar sem drengir tóku viðtöl við aðra drengi í skólanum um hvað það er sem veldur því að drengjum gangi verr í skóla. Helstu niðurstöður komu fram þar sem drengir ræddu þetta af innsýn og sögðu óhræddir sína skoðun. Hugmyndin um karlmennsku er að vera ekki „tryhard“, þ.e. að leggja ekki of mikið á sig en á sama tíma finnst þeim vera mjög karlmannlegt að kunna sitt fag. Það er því ákveðin þversögn í þessu sem er drengjum mjög óhjálpleg. Að vilja kunna og „vera með þetta“ en vilja samt ekki sækja aðstoð til að sýna ekki veikleika og geta þá ekki kunnað.

5.2.4 Café Boyz - Vinnustofa

Haldin var vinnustofa fyrir þátttakendur verkefnisins með nafninu „Café Boyz“ þar sem þátttakendur höfðu val um forrétt, aðalrétt og eftirrétt en í stað matar voru það viðfangsefni til að ræða á matseðli. Mátti velja eitt úr hverjum flokki og sitja við borð í hópum og skipta svo um hóp. Ýmislegt fróðlegt kom úr því spjalli sem fjallaði um viðfangsefnið.

Rockwool fonden og Richard Reeves: Rætt var um fyrirlestur og rannsóknir Richard Reeves og Rockwool stofnunarinnar sem benti á margt sem tengist viðfangsefninu, t.a.m. að:

- Algengt hugarfar er: "Boys can't have problems, they are problems".
- „Male retreat rather than male revolution, boys are checking out“ eða að við sjáum drengi frekar draga sig í hlé ef það eru alvöru vandamál og tala ekki um þau í stað þess að gera uppreisn.
- Allt sem við gerum sem gæti gefið það í skyn að okkur sé sama um vandamál drengja ýtir undir þetta neikvæða viðhorf að karlmenn séu vandamálið.
- Feminismi og margt fleira getur virst fyrir körlum vera árás á karla þrátt fyrir að vera það ekki.
- Það sem samfélagsmiðlastjarnan Andrew Tate segir er að fólki sé sama um karla og allt sem gæti ýtt undir það styrkir það. Þetta eru skaðleg viðhorf fyrir drengi og samfélagið í heild og má finna víðar á samfélagsmiðlum.

5.2.5 Mat á verkefninu

Sören Jensen er matsmaður verkefnisins og mat bæði kennara og nemendur. Hann tók seinna viðtöl við kennara í verkefninu á Íslandi. Það var í raun framkvæmt sem hópviðtal og úr því kom ýmislegt gagnlegt. Meðal annars vöknúðu eftirfarandi spurningar:

- Hvernig er best að meta áhrif verkefnisins?
- Eiga allir að gera það sama?
- Hve mikið eigum við að meta?
- Hvaða lærdóm getum við dregið af verkefninu og hvað getum við notað?
- Erum við að koma eitthvað öðruvísi fram við drengi en önnur kyn?
- Vilja þeir kannski bara athygli en samt ekki sýnast reyna?

5.3 Ørestad Gymnasium

5.3.1 Kynning á skólanum

Í Ørestad Gymnasium eru rétt undir 1000 nemendur og eru 60% úr minnihlutahópum. Eiginlega engir nemenda eru danskir að þjóðerni og þar er mikill munur á stelpum og drengjum í þessum hópum. Stelpurnar eru heilt yfir mjög metnaðarfullar, hvort sem það er komið frá foreldrum eða þeim sjálfum. Á sama tíma vilja drengir oft ekki vera partur af þessum minnihlutahópi á meðan aðrir reyna það mikið og augljóslega ýta undir það. Margir hafa upplifað kennarann sem mótherja í grunnskóla svo það er erfitt að vinda ofan af því þegar komið er í framhaldsskóla.

Áskoranirnar eru þær að mikill fjölbreytileiki er innan skólans, bæði menningarlega og kynjalega. Tilætlanir nemenda rekast oft á vegna menningarmunar og líður stelpum í minnihlutahópum oft verst í skóla. Foreldrar setja háar væntingar á börn sín sem kannski hafa annan áhuga. Nemendur eiga oft erfitt með að fá aðstoð heima því þau eru oft fyrstu í fjölskyldunni til að læra. Kennarar eru duglegir að koma þeim af stað í skólanum því misjafnt er hvað þau geta mikið lært heima. Nemendahópurinn hefur breyst svo mikið undanfarin ár að erfitt er að meta árangur milli ára.

5.3.2 Kennsluaðferðir

Notast er við svokallaðar „scaffolding“, þ.e. kennsluaðferð í kennslustofu þar sem kennarar flytja kennslustundir í mismunandi hlutum og veita minni og minni stuðning eftir því sem nemendur ná tökum á nýjum hugtökum eða efni. Vinnuumhverfið er Google Classroom. Fyrir kennslustundir hafa kennarar búið til lestrarleiðbeiningar á myndböndum til að nemendur viti fyrirfram hvað eigi að gera og geti komið undirbúnir. Einnig gefa kennarar nemendum oft samantekt á textanum til að þau skilji betur.

5.3.3 Húsnæði skólans

Skólinn er byggður utan um hugmyndafræði hans. Hann hefur opnar skólastofur, mikið opið rými og glerveggi í skólastofum, allt til að nemendur verði innblásnir af hverjum öðrum. Hægt er að sjá í raun allt sem á sér stað í skólastofum og kennslu því það er mikið um opið rými eða gegnsætt. Kennarar þurfa stundum að skipta um stofur til að geta verið með innlögn í byrjun tíma og síðan skipta aftur til að læra. Nemendur dreifa sér hingað og þangað eftir innlögn til að læra þar sem þeim líður best. Engin bjalla er í skólanum til að ýta ekki undir eril og læti. Eftir að því var hætt snarminnkaði hávaði og truflun milli tíma og í skólanum heilt yfir.

5.3.4 Fylgst með kennslustund - Enskutími

Enskutími hjá karlkyns kennara: Hópurinn fylgdist með enskutíma í Ørestad Gymnasium. Líkt og í Grænlandi er símahótel í stofunni. Hefðbundin uppsetning skólastofu en í rými með glerveggjum bæði milli stofa og fram á gang. Í tímanum voru aðeins tveir drengir og um 15 stelpur frá mismunandi menningarbakgrunni. Kennari var með innlögn í byrjun á verkefni úr þætti af Serial og áttu nemendur að gera munnlega kynningu. Tilgangurinn að æfa sig í að styðja með rökum og gögnum, skoða sönnunargögn, rökfærslur og mótrök. Áttu að gera Google Slides og æfa framsögn, ekki horfa á texta heldur læra utanbókar. Síðan áttu þau að flytja kynninguna bara fyrir kennara og þurfa að bóka tíma í dagatali kennara til þess. Kennarinn er einhver blanda af gamla og nýja skólanum. Sussar þegar nemendur eru að ræða um verkefnið, virðist þínu pirraður. Nemendur eiga að bóka tíma í dagatali og fara svo að vinna í hópum en kennari verður eftir í stofunni ef þurfa á að halda. Hann er beinskeyttur og segir okkur að „allt sem nemendur skrifa eða skila er æfing og er það sem skiptir máli en ekki hvernig þau flytja („perform“)“. Nemendur úr öðrum bekkjum koma í þennan áfanga til að læra, þetta er áframhaldsenska og nota bók sem heitir Listen. Tímar eru oft frammi hjá öðrum, fyrir utan á ganginum og nemendur og kennarar þurfa oft að ganga í gegnum aðra tíma til að komast í sínar stofur. Það er ókostur við hugmyndafræðina að kennarans sögn. Enskutímar fara alltaf fram á ensku allan tímann, bæði hér og í CG.

5.3.5 Viðhorf nemenda

Flestum nemendum finnst fínt að hafa allt svona opið þegar þátttakendur frá Íslandi spurðu þau. Einhverjir skiptu þó um skóla því þeim fannst þetta of mikið. Nemendur sem hópurinn spjallaði við fannst skólinn finna en viðurkenndu að það var þínu erfitt fyrst eða viðbrigði að vera í svona opnum rýmum en það vandist. Þeim finnst mjög fínt að vinna í hópavinnu og vilja helst stutta innlögn frá kennara því þau halda ekki athygli nógu lengi og fer að leiðast. Hentar best að fá stutta innlögn í byrjun og fá svo læra þar sem þeim sýnist en geta sótt hjálp hjá kennara ef þörf er á. Með Google Classroom er hægt að fylgjast með allri notkun nemenda sem kennurum þykir kostur.

5.3.6 Fyrirlestur - Gribskov gymnasium verkefni

Haldinn var fyrirlestur á dönsku fyrir okkur þar sem kynnt var að Gribskov Gymnasium í Danmörku hóf tveggja ára verkefni til að bæta gengi og þátttöku drengja sem voru að meðaltali með verri einkunnir og minni námsáhuga en stúlkur. Kennarateymi greindi að drengirnir sáu oft ekki tilgang með náminu og sinntu heimavinnu illa. Skólinn brást við með því að breyta kennsluháttum, leggja meiri áherslu á skýran tilgang náms, skipulag og eftirfylgni. Verkefnið skilaði einhverri vitundarvakningu og bættum vinnubrögðum en markmiðið, að jafna árangur kynjanna, hefur ekki enn náðst að fullu.

5.3.7 Áætlanir fyrir næstu heimsókn til Íslands

Hver skóli skyldi velja inngrip til að prófa og ef þau virka þá setja í verkfæratöskuna á síðunni. Óskir fyrir Íslandsheimsóknina að sjá muninn á kennslu okkar og hvernig samskiptin eru. Er munur á þeim sem eru aðeins fjarnemendur og svo þeim sem eru á staðnum? Senda hinum þátttakendum grein um Tröllaskagamódelið okkar og svo að framkvæma viðtöl og könnun. Einnig að finna tíma fyrir viðtöl við kennara. Hólmur skal einnig segja frá sínu starfi varðandi strákana.

6. Rannsóknarniðurstöður

Líkt og áður kom fram framkvæmdi íslenska teymið bæði eigindlega og megindlega rannsókn á nemendum sínum til að öðlast betri innsýn í upplifun drengja og karla í námi við Menntaskólann á Tröllaskaga. Hér á eftir má sjá innihaldsríka greiningu og túlkun á viðtölunum og könnuninni sem framkvæmd voru.

6.1 Greining viðtala

6.1.1 Inngangur að viðtalsrannsókninni

Tilgangur þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á upplifun drengja af skólagöngu sinni í Menntaskólanum á Tröllaskaga. Þrjú hópviðtöl með þremur drengjum í hverju voru framkvæmd þar sem viðmælendur lýstu reynslu sinni og viðhorfum til mismunandi þátta í námi.

Það sem sérstaklega var skoðað voru meðal annars hugarfar gagnvart hæfni, námsvenjur, innri og ytri hvati, áhrif upplýsingatækniotkunar og karlmennskuhugmyndir í tengslum við skólagöngu ásamt fleiru. Þrátt fyrir að viðhorf viðmælenda hafi verið breytileg og einstaklingsbundin komu skýr mynstur fram í svörum þeirra sem endurspeglar viðtæk viðhorf

meðal drengja. Greiningin sýnir hvernig ákveðin atriði virðast eiga við um marga drengi en einnig hvernig sumir þeirra brjótast út úr viðteknum mynstrum.

6.1.2 Fastmótað hugarfar samanborið við vaxtarhugarfar - Er greind meðfædd eða áunnin?

Eitt af aðalviðfangsefnum sem rætt var í viðtölunum var hvernig drengir tengja greind við annað hvort meðfædda hæfni eða vinnusemi og ástundun. Rannsóknir benda til þess að drengir hafi frekar fastmótað hugarfar (e. fixed mindset) þar sem þeir líta á hæfileika sem eitthvað sem maður „er með“ frekar en „þróar með sér“. Í öllum hópunum kom fram að viðhorf nemenda til gáfna og náms eru mismunandi eftir einstaklingum. Þó margir drengjanna hefðu upphaflega, á yngri árum, lítið á hæfileika sem meðfædda þá breyttist þessi sýn með tímanum og þroska. Margir tóku fram að þeir hefðu smám saman áttað sig á mikilvægi vinnuframlags og ástundunar til að bæta sig í námi. Í einum hópi var sérstaklega talað um hvernig samfélagsmiðlar og staðalímyndir karlmennsku gætu hafa áhrif á þetta viðhorf. Í öllum hópum kom fram sú skoðun að þetta væri fyrst og fremst persónubundið frekar en kynbundið. Meðal þess sem fram kom í svörum var:

„Ég hef alveg verið með svona fast hugarfar en síðan fattaði ég hérna á unglingsárunum mínum bara þegar ég byrjaði að þroskast meira að það væri miklu meira um það sem að þú gerir heldur en það sem þú ert.“

„Ég man eftir því þegar við vorum í grunnskóla, þá var það bara svona, þessi var ógeðslega góður í stærðfræði en hinn í ensku og þá var eins og þessi gæti ekki verið góður í stærðfræði af því hann var góður í ensku.“

Þetta viðhorf, að einhvers sé annað hvort góður í ákveðnum greinum eða ekki, getur leitt til þess að drengir hætti að reyna ef þeim finnst fag ekki liggja vel fyrir þeim.

6.1.3 Að taka niður glósur og gildi endurgjafar

Rannsóknir benda til að drengir glósi almennt minna en stúlkur og nýti sér síður endurgjöf í námi. Í öllum hópunum kom fram að flestir viðmælendur glósuðu lítið og gerðu það helst ef verkefnið krafðist þess eða ef þeir áttu í erfiðleikum með ákveðið efni. Mikill samhljómur var á milli hópanna um að drengir glósa almennt lítið. Þeir sögðust þó vita að það að glósa getur hjálpað þeim að læra en viðurkenndu flestir að nota þær ekki reglulega. Einn nemandi af níu sagðist glósa reglulega. Meðal svara voru þessi:

„Ég hef aldrei tekið niður glósur í mínu lífi haha... Aldrei hef ég gert það.“

„Eins og þegar við tókum fyrsta prófið okkar í [enskubók], þá glósaði ég alla bókina. Fyrir hvern einasta kafla tók ég bara alla helstu punktana og ég fékk 9, þannig að það hjálpaði mér alveg.“

„Ég bara glósa þannig að ég finn upplýsingar og skrifa þær niður og það festist bara svona miklu betur í minninu en geri það ekkert svakalega oft sko. Því ég svona bara treysti oftast á bara að hausinn minn muni eftir hlutum.“

Varðandi endurgjöf þá skoða nemendurnir oft endurgjöf á verkefni sín en aðeins ef einkunnir lækkuðu eða ef um stærri og mikilvægari námsatriði var að ræða. Í tveimur hópum kom fram

að það væri staðalímynd að drengir tækju ekki námi jafn alvarlega og stúlkur en viðmælendur voru almennt sammála því að þetta væri óþarfa kynjaskipting.

„Ef ég tek eftir að einkunnirnar mínar lækka, þá geri ég það [skoða endurgjöfina], en ef það er allt í lagi, þá þæli ég ekkert í því.“

Þetta bendir til þess að endurgjöf sé síður nýtt sem tæki til að bæta sig heldur sé frekar notuð sem leið til að laga mistök eftir á.

6.1.4 Notkun upplýsingatækni í skóla og félagsleg áhrif

Allir hóparnir voru sammála um að tölvur hefðu bæði uppbyggileg og truflandi áhrif í námi. Í grunnskóla voru tölvur oftast notaðar í truflandi tilgangi þar sem nemendur sátu aftast í stofunni, eða frammi á gangi, og fóru í tölvuleiki í stað þess að læra.

Þeim þótti það þó ekki vera alveg kynjaskipt heldur mundu þeir eftir sömu hegðun hjá stúlkum en bættu svo við að kannski væri það samt algengara hjá drengjum. Varðandi grunnskóla höfðu viðmælendur þetta að segja m.a.:

„Ég man eftir í grunnskólagöngu þá var mikið af truflun, sérstaklega í þarna fartölvum... Og þá var mikið verið að spila tölvuleiki í staðinn fyrir að læra. Og það voru oftast drengir en náttúrulega líka stelpur en það var meiri möguleiki á að það væri strákur sem gerði það... Þú veist ef ég vil læra þá geri ég ekkert annað skilurðu, en ef ég hef bara engan áhuga þá truflast hausinn á mér bara auðveldlega.“

Um Menntaskólann á Tröllaskaga:

Þegar kom að Menntaskólanum á Tröllaskaga töluðu flestir um að meiri ábyrgð væri á þeim sjálfum að stýra sinni námsframvindu. Í hópunum kom fram að almennt hefðu verið strangari reglur um tækin í grunnskóla en með aukinni sjálfsábyrgð og trausti í framhaldsskólanum skilji nemendur betur að ef þeir nýta tímann ekki til að læra þá kemur það í bakið á þeim seinna. Þeir sögðu:

„Þetta er bara miklu vinalegra. Það er bara, þú veist nú er ég miklu frjálssari einmitt og... Fólk leyfir okkur að gera hluti án þess að það sé bara alveg stranglega bannað. Þá er meiri „motivation“ fyrir okkur að sinna náminu út af þá þurfum við í alvörunni svona að taka því alvarlega.“

„En þú veist, eins og þú sagðir þetta er annað í okkar skóla, þetta er meira svona val hérna finnst mér. Mér finnst við bara gera þetta út af því við vitum að ef við lærum ekki núna þá þurfum við að gera það seinna.“

„Þú ert bara að læra sjálfsábyrgð.“

6.1.5 Ytri hvati samanborinn við innri hvata

Ytri hvati, eins og einkunnir og hrós, var almennt talinn skipta meira máli en innri hvati, þ.e. löngunin til að læra til að öðlast færni. Í öllum hópunum var rætt um að margir stefndu bara á að „klára áfangann og stúdentspróf“ en vildu síður leggja of mikla vinnu í að læra meira en

nauðsynlegt væri. Tveir hópar ræddu um að nemendur sæju oft lágmarkseinkunn sem nægjanlega á meðan þriðji hópurinn ræddi meira um mikilvægi símats og jafnvægis milli verkefna og lokaprófa. Meðal svara voru eftirfarandi:

„Bara til að þú veist, klára áfangann. Þarf ekkert að vera með fínni einkunn en þú veist maður safnar bara upplýsingunum í leiðinni.“

„Ég myndi alveg segja að ég sé í skólanum hérna til þess að fá stúdentinn. Ekki til þess að endilega bara læra meira.“

„Æi, mér finnst bara skólakerfið einblína svo mikið á að það sé einkunnin sem skipti öllu máli en ekki færnin sem þú fáir út úr því.“

„Já, að vera með svona símat þannig að verkefnin sem maður gerir gilda, ekki að þú sért að vinna verkefni alla önnina og svo er bara 90% lokapróf. Þá er allt sem þú ert búinn að vera að gera yfir önnina er ekki metið sem neitt.“

6.1.6 Forgangsröðun verkefna og óljós tilgangur

Drengir virtust forgangsraða verkefnum eftir því hvort þeir sæju tilgang í þeim. Í einum hópi kom fram að leiðinleg verkefni væru oft gerð fyrst til að ljúka þeim en í öðrum hópi var meira rætt um að verkefni gætu haft lærdómsgildi jafnvel þó þau virtust óþörf. Í öllum hópum var rætt um stærðfræði sem dæmi um fag þar sem tilgangur verkefna væri stundum óljós. Dæmi um svör eru:

„Já, það kemur stundum að það eru einhver verkefni sem að manni finnst bara að eiga ekki að vera í þessum áfanga. Bara eitthvað út í hött eða eitthvað en maður samt gerir það.“

„Það eru kannski meira drengir sem tala um það og koma skoðunum sínum um námið meðal fólks. En ég held það sé bara ekki endilega kynjaskipt hugsunin á bak við það, ég held það sé meira kynjaskipt hvernig manneskjan er að koma þessum skoðunum á framfæri.“

6.1.7 Munur á styrkleikum kynja

Viðmælendur tóku almennt ekki sterklega eftir neinum mun á greind kynja en töluðu þó um að stúlkur hefðu oft verið sterkari í íslensku og væru með betri málgreind almennt á yngri árum á meðan drengir stæðu sig betur í hreyfifærni (rýmisgreind). Einn hópur ræddi sérstaklega um mikilvægi fjölbreyttra kennsluaðferða þar sem fólk lærir á mismunandi vegu. Dæmi um svör voru:

„Drengir eru þú veist, líka lengur að fatta hvað á að gera eða hvernig á að gera það, miðað við stelpur kannski. Flóknar útskýringar kannski fyrir suma.“

„Ég hef alveg fundið fyrir kynjaskiptu námi, svona það er meira skap á móti drengjum í grunnskólum vegna náttúrulega rosalegra láta og svona.“

6.1.8 Ofmat á eigin getu

Allir hóparnir töluðu um að drengir gætu átt það til að ofmeta getu sína og leggja minna á sig fyrir verkefni en hafi svo fengið blauta tusku í andlitið þegar árangur var ekki eins góður og vonast var til. Í einum hópi var þetta tengt mismunandi skólakerfum þar sem nemendur höfðu komist upp með minni vinnu og betri einkunnir í grunnskóla og þurftu því að læra að leggja meira á sig í framhaldsskóla. Dæmi um svör voru þessi:

„Áður en ég kom hingað þá alveg tók ég eftir að, fékk bara svona reality check að ég var ekki jafn góður og ég hélt ég væri. Og þá var ég bara að læra eiginlega.“

„Já, ég tengi alveg við þetta af því að á síðasta grunnskólaárinu þá þurfti maður lítið að læra. Síðan kom maður hingað og þá var þínu svona, þá var maður þínu að ofmeta sig og þá var erfiðara að bara gera verkefnin strax.“

„Já, ég hef oft verið treyst rosalega á mína eigin getu og síðan bara klúðrað einhverju prófi og verið með of háa svona expectation og þá crasha ég. Þannig að ég reyni alltaf að hafa fyrir öllu sem ég geri.“

Þegar rannsakandi spurði hvort þeir héldu að þetta væri algengara meðal drengja svöruðu allir játandi.

6.1.9 Dulin kynjaskekkja í kennslu?

Viðmælendur í tveimur hópum töluðu um að stelpur hefðu oft fengið meiri virðingu fyrir að svara spurningum upphátt í kennslustofunni á meðan algengara virðist að sussað sé á drengina. Í einum hópi var þetta ekki upplifun viðmælenda í framhaldsskólanum en sumir höfðu tekið eftir þessu í grunnskóla og þá sérstaklega hjá kvenkyns kennurum. Meðal annars höfðu nemendur þetta að segja:

„En þegar ég var í grunnskólanum. T.d. þegar við strákarnir vorum bara eitthvað að hlæja eitthvað smá þá var eiginlega bara sussað á okkur strax. Síðan komu stelpurnar þá var leyft þeim bara að þú veist, að hafa bara læti eða þú veist. Síðan var svo kannski sussað á okkur fyrir það sem þær voru að gera.“

„Já, mér finnst líka þetta gerist meira hjá kvenmannskennurum frekar en karlmanns af því að þeir kannski vita hvernig þetta er fyrir drengi.“

„Já, ég hef fundið fyrir því. Sérstaklega þegar stærðfræðikennarnir í grunnskóla voru að láta eins og strákarnir gætu ekki eins mikið og stelpurnar... Það var minna tekið drengjum alvarlega þegar kom að svona testum.“

Þegar rannsakandi spurði hvort þetta myndi hafa áhrif ef kennarar myndu gefa drengjum meira pláss til að sýna hvað þeir kunna og hlusta meira á þá, svöruðu allir: „Já! Auðvitað.“

6.1.10 „No effort-culture“

Hugmyndin um að það væri „töff“ að leggja sig ekki fram í skóla kom fram í öllum hópum, þó missterkt. Tveir hópar ræddu um að sumir drengir í grunnskóla hefðu viljandi forðast að leggja sig fram til að falla ekki úr vinsældahópnum. Þetta var tengt hugmyndum um

karlmennsku þar sem sjálfstæði og það að „vera með þetta“ væri virtara en að sýna áreynslu. Meðal svara voru þessi:

„Það hafa verið drengir í báðum skólunum sem ég hef verið í sem tóku náminu ekki alvara af því þeim fannst það vera geðveikt kúl. Síðan voru þeir einhvern veginn alltaf bara að falla og náðu ekki... myndi alltaf þurfa að taka sömu ensku aftur.“

„Ég hafði stundum fengið það á tilfinninguna að svona, að reyna ekki eins mikið á mig því þá myndi ég svona verða á meðal þeirra, þú veist partur af hópnum einhvern veginn.“

„Fer alveg eftir því hvaða hóp þú ert með. Ef þig langar að passa með einhverjum, með góðum vinum og eitthvað þá þarftu náttúrulega að passa að vera kúl og ef þeir taka ekki náminu alvarlega og eitthvað svoleiðis.“

„Já, líka þeir sem eru kannski með lægri einkunnir eru, þyrftu að reyna meira á sig og það bara lítur út eins og þeir séu, þú veist já bara að reyna á sig, þeir þurfa meira. Og eru þá kannski taldir vera heimskari við það að þurfa að reyna meira, miðað við krakka sem að þurfa þess ekki jafn mikið.“

6.1.11 Karlmennska og að biðja um hjálp

Í öllum hópum var talað um að það gæti verið erfitt eða óþægilegt að biðja um hjálp, sérstaklega í fögum þar sem einstaklingurinn taldi sig ekki standa sig vel. Í einum hópi kom fram að það væri auðveldara að biðja um hjálp ef kennarar buðu sérstaklega aðstoð. Í öllum hópum var rætt um að þetta gæti tengst hugmyndum um karlmennsku, þar sem drengir vilja ekki sýna veikleika. Nemendur sögðu meðal annars þetta í því samhengi:

„Sko, ég hef aldrei verið hræddur um mína karlmennsku. Ég hef alltaf allavega síðan ég man eftir mér beðið um hjálp ef ég þurfti þess. En ég man eftir að það var mikið að stríða, eða kannski ekki að stríða en svona augnaráð á fólk sem bað um hjálp ef það þurfti þess.“

„Ég hef líka tekið eftir mörgum drengjum sem hafa bara hætt að biðja um hjálp út af bara, mörgum svona samfélagslegum aðstæðum eins og einelti og þá bara tala þeir bara ekki neitt. Og þá eyðileggur það alveg skólagönguna þeirra af því að þeir þora ekki að spyrja og þá fá þeir ekki neina hjálp.“

„Ef þú vilt passa inn þá bara sýnirðu náttúrulega ekki veikleika. Vilt náttúrulega ekki fá hjálp því þá detturðu niður um sæti og ert ekki nógu kúl sko. Og kannski ekki í hópnum lengur.“

„Ég held að það sé ekki erfiðara en kannski óþægilegra [að biðja um aðstoð í skólanum]. Það er þægilegra ef það er boðið manni hjálp. Þá er maður líklegri til þess að spyrja bara spurninganna því þá ertu ekki beint að játa að þú þurfir hjálp um efnið.“

„Hjá mér er það allavega að mann langar bara að maður geti gert þetta sjálfur. Þú veist og kannski neita að maður geti það ekki eða eitthvað.“

„Mér finnst líka skipta máli hvað fólk þú ert í kringum og uppeldi.“

„Mér finnst að margir karlmenn eru bara hræddir við þú veist, bara að láta líta niður á sig. Er bara svona pride.“

6.1.12 Samantekt á niðurstöðum viðtala

Niðurstöðurnar benda til þess að ákveðin mynstur einkenni upplifun drengja í skóla, sérstaklega varðandi:

- Fastmótað hugarfar sem breytist með þroska
- Lítil notkun á glósum og endurgjöf
- Áhrif tölvunotkunar, bæði jákvæð og neikvæð
- Ytri hvati mikilvægari fyrir drengjum en innri
- Þörf fyrir að sjá tilgang í verkefnum
- Tilhneiging til að ofmeta eigin getu
- Mögulega dulin kynjaskekkja í kennslu og hjá kennurum
- Svokallaður „No effort-culture“ í ákveðnum hópum
- Erfiðleikar við að biðja um hjálp vegna karlmennskuhugmynda

Drengir hafa oft sterkt sjálfstraust sem getur leitt til þess að þeir vanmeti nauðsyn þess að leggja vinnu í námið. Staðalímyndir um karlmennsku geta haft áhrif á námshegðun, þar sem það er ekki alltaf talið jákvætt að sýna áreynslu eða biðja um hjálp.

6.2 Niðurstöður könnunar

Rafræn könnun var send öllum nemendum Menntaskólans á Tröllaskaga í gegnum Google Forms en aðeins karlkyns nemendur beðnir um að svara. Þrátt fyrir að nemendafjöldinn væri um nokkur hundruð bárust aðeins 46 svör, sem gefur svarhlutfall um 10%. Þetta lágt svarhlutfall þarf að hafa í huga við túlkun niðurstaðna. Hér verða túlkaðar spurningar sem þóttu mikilvægar fyrir verkefnið:

Spurning 4: Þrýstingur frá samfélaginu

Finnur þú fyrir pressu frá samfélaginu um að haga þér á einhvern hátt í daglegu lífi vegna þess að þú ert karlkyns?

Niðurstöður sýndu blandaðar skoðanir um þetta, um 53% sögðu nei og 40% svöruðu játandi.

Spurning 5: Reynsla af skólakerfinu

Geturðu sagt í stuttu máli hver upplifun þín er að vera karlkyns í skólakerfinu í dag? Jákvæð/neikvæð/beggja blends og hvernig þá?

Flestir töldu reynslu sína af því að vera karl í skólakerfinu vera jákvæða en nokkur svör vöktu athygli:

„Hvort tveggja, það fer bara eftir því hvað er í gangi og núna eru svo margir með svo margar skoðanir að það er svolítið stressandi ef þú gerir eitthvað, fólk getur verið pirrað yfir þér vegna þess að það telur að karlar eigi eða eigi ekki að gera það.“

„Meiri þrýstingur til að standa sig vel í skóla.“

„Sem trans manneskja sem upplifði að vera kona í framhaldsskóla eru kennarar tilbúnari að hjálpa þér á lauslegri hátt. Sem karl eru þeir formlegri.“

„Ég held að það sé ekki mikill munur á konum og körlum í skólakerfinu, nema kannski að drengir eru taldir meira vera asnar eða slæmir nemendur.“

„Almennt eru konur betri í námi að mínu mati og sem karlmaður sem á erfitt með nám getur það verið tilfinningalega erfitt og ég hef fengið mikið af neikvæðum athugasemdum um sjálfan mig. Það gerist líka hjá konum en til dæmis í grunnskóla voru það drengirnir sem fengu neikvæðni oftast.“

„MTR er fyrsti skólinn sem tekur á móti mér eins og ég er og hugsar einstaklingslega!“

Spurning 6 og 7: Mismunun vegna kyns

Finnst þér þú hafa upplifað einhvers konar mismunun vegna kyns þíns á þinni skólagöngu? (Þá er átt við t.d. fordóma, kynbundnar staðalímyndir, kyngervingu, tilætluð kynjahlutverk o.s.frv.). Í framhaldinu beðið um að segja frá hvernig.

Mikill meirihluti, eða 73%, hafði ekki upplifað mismunun vegna kyns síns á skólagöngunni. Hins vegar svöruðu rúmlega 13% játandi. Dæmi um svör þeirra sem upplifðu mismunun:

